

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Garðabær, 12. ágúst 2024
Málsnúmer: 202407-0016
IAS

Efni: Vatnsvinnsla í Ölfusi – kynning matsáætlunar.

Við er í erindi frá Skipulagsstofnun, frá 15. júlí 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um kynningu á matsáætlun fyrir vatnsvinnslu í Ölfusi.

Aqua Omnis ehf. hyggst setja upp vatnsvinnslu á jörðinni Nesi í Ölfusi sem er um 14 km vestan við þéttbýli Þorlákshafnar. Vatn í vinnsluna yrði fengið með því að setja upp borholur á jörðinni og dæla upp ferskvatni. Boraðar hafa verið þrjár rannsóknarholur, ein kjarnahola og tvær loftboraðar holur sem eru allar staðsettar í vegslóða sem liggur til suðurs frá gamla þjóðveginum. Rannsóknir gefa góð fyrirheit um að svæðið sé fýsileg staðsetning fyrir vatnsvinnslu. Niðurstöður eru meðal annars nýttar sem forsenda við val á staðsetningu borholusvæðis vinnslunnar. Borholusvæðið yrði staðsett norðar og ofar í landi en rannsóknarholur voru staðsettar til að forðast að sjór komist inn í kerfið. Þjónustubrunnar, jöfnunargeymir og þjónustubygging yrði staðsett við borholusvæðið. Þjónustubrunnar væru fyrir ofan hverja borholu og borholur yrðu tengdar við jöfnunargeyminn og frá jöfnunargeymi myndi liggja stofnlögn, sem væri grafin niður, að strandlínu jarðarinnar Nes. Stofnlögn tengist síðan við botnstöð sem væri á hafsbotni, staðsett um 2-3 km frá strandlínu. Við botnstöð tengist ankeriskerfi og botnsjávarlögn sem tankskip sem flytja vatnið tengjast við þegar áfylling á sér stað. Ankeriskerfið heldur tankskipinu í ákveðnum áfyllingarradíus og botnsjávarlögnin tengist við tankskipið meðan áfyllingu stendur og sekkur síðan til botns eftir notkun. Uppsetning vatnsvinnslukerfis miðast við að afkastageta kerfisins geti verið allt að 2.000 l/s en meðalrennsli væri mun minna. Stærð skipa sem yrðu notuð við útflutning á vatni yrði á bilinu 25.000 til 300.000 tonna tankskip.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matsáætlunina og kemur með eftirfarandi athugasemdir.

Skipulagssvæðið er á nútímahrauni sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013. Um er að ræða dyngjuhraun sem er nokkuð sandorpið en í því eru þekkt hellasvæði sem eykur vendargildi þess. Tryggja þarf að hraunhellum verði ekki raskað við framkvæmdirnar og að raski á nútímahrauni verði haldið í lágmarki.

Fyrirhuguð vatnslögn er rétt austan við svæði 758 á náttúruminjaskrá (Stakkavík og Hlíðarvatn í Selvogi) og liggur í gegnum svæðið: „Selvogur“, sem Náttúrufræðistofnun hefur tilnefnt á B-hluta náttúruminjarskrár vegna vistgerða, sela og fugla. Í forsendum fyrir vali svæðisins segir:

„Klóþangsffjörur, fjörupollar, litilsháttar fjörumór, kræklinga- og sölvaoseyra, auk margvíslegra annarra fjörugerða; grófgerður og úfinn fjörubeðurinn er ríkur skjólsælum glufum, skorningum og fjörupollum sem fóstura auðugt lífríki.

Fjölbreytt fuglalíf, m.a. á fartíma, og nær fjöldi rauðbrystinga sem nýtir svæðið þá alþjóðlegum verndarviðmiðum.“



Fram kemur í matsáætlun að ekki á að meta áhrif á gróðurfar, fugla og mengun. Samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar eru landvistgerðir að mestu lynghraunavist, og mosahraunavist með miðlungs verndargildi og eyðihraunavist með lágt verndargildi. Lúpína finnst svo í nágrenninu en mikilvægt er að hún dreifist ekki frekar um svæðið við framkvæmdirnar.


Eins og áður hefur verið nefnt hefur Náttúrufræðistofnun tilnefnt fjöruna á B-hluta náttúruminjaskrá vegna fjöruvistgerða, fugla og sela og því þarf að meta möguleg áhrif framkvæmdanna á þessa þætti og ef af framkvæmdum verður þurfa þær að vera á þeim tíma sem er minnst truflandi fyrir fugla og seli. Þá þurfa að liggja fyrir áætlanir til að koma í veg fyrir mengunarslys, t.d. vegna olíuleka frá skipum sem flytja vatnið frá landinu.

Umtalsverð nýting er, eða er fyrirhuguð á ferskvatni, úr vatnshlotinu Selvogsstraumur 3, nr. 104-290-G. Ferskt grunnvatn er ekki óþrjótandi auðlind og hjá iðnaðarsvæðunum við Þorlákshöfn er mikil eftirspurn eftir aukinni nýtingu á grunnvatni, bæði fersku og söltu, til notkunar í fiskeldi. Austan við framkvæmdasvæðið hafa farið fram allmiklar rannsóknir á grunnvatni og ástandi þess sem hafa leitt til þess að fyrirtækin sem nýta auðlindina við Þorlákshöfn ætla að vera í samstarfi um vöktun og eftirlit. Þetta er mjög mikilvægt, en auk þess þarf að skilgreina mótvægisáðgerðir til að hægt sé að bregðast við svo ekki skapist alvarlegt ástand í grunnvatnsmálum. Æskilegt er að Aqua Omnis verði í samstarfi við þessi fyrirtæki um vöktun og mótvægisáðgerðir. Í skýrslu Vatnaskila, sem fylgdi umhverfismatsskýrslu Geo Salmo 2023, kemur fram að samlegðaráhrif grunnvatnstökunnar við Þorlákshöfn eru gríðarleg. Vegna fyrirhugaðar nýtingar Aqua Omnis sem bætis við aðra fyrirhugaða nýtingu telur Náttúrufræðistofnun þörf á því að huga að Hlíðarvatni sem er svæði nr. 758 á náttúruminjaskrá. Náttúrufræðistofnun af því áhyggjur að vatnsrennsli úr lindum í vatnið muni dragast saman vegna fyrirhugaðrar grunnvatnsvinnslu. Meðal annars gæti sá samdráttur haft áhrif á hrygningu bleikju í Hlíðarvatni en algengt er að bleikjur hrygni nálægt innrennsli úr lindum. Afar mikilvægt er að allt áhrifasvæðið sé vaktað gaumgæfilega og sérstaklega þarf að fylgjast með Hlíðarvatni. Samkvæmt vistgerðarkortlagningu Náttúrufræðistofnunar flokkast Hlíðarvatn sem strandvatn og er sú vistgerð flokkuð með hátt verndargildi. Strandvötn skera sig fá öðrum stöðuvötnum þannig að þar getur fundist lífríki sem þrífst í ísöltu vatni og sjó. Því er seltustig og framboð ferskvatns einkar mikilvægt fyrir það lífríki sem finnst í slíkum vötnum.

Fram kemur í matsáætlun að áætluð efnisþörf sé á milli 10.000 og 25.000 cm³ af sandi sem komi frá námu í Lambafelli. Hér hafa einingar eitthvað skolast til og gera þarf betri grein fyrir efnisþörfinni.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki fleiri athugasemdir á þessu stigi málsins.

Virðingarfyllst,



Ingvar Atli Sigurðsson
Jarðfræðingur

